

41

13. júní

L Ö G**um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist: Ennfremur fólk yngra en 67 ára, sem áður hefir notið ellistyrks samkvæmt lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

42

13. júní

L Ö G

um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi, skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast beint til hans af banka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnumálaráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla

má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra 42
heimilað, að allt andvirðið verði greitt útflytjanda. Refsiákvæði fyrri málsgreinar 13. júní
nær eigi til brota á þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

43

13. júní

um virkjun Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu, til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa; leggja háspennnutaugar til Akureyrar og þeirra staða annara, er ákveðið kann að verða að leiða raforku til frá Laxá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar bæjarstjórn Akureyrar hefir reist raforkustöð við „Laxá úr Mývatni“ og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkustöðin við Laxá selur rafmagn til Akureyrar. Þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, er raforkustöðinni skylt að láta í té við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunum frá Laxá til Akureyrar, til almenningsnota í nærliggjandi héruðum, við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna á Akureyri, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.